

8. fundur samstarfsnefndar Blönduósþæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 20. janúar kl. 14:00 í fjarfundi á Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason, formaður
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Arnrún Bára Finnsdóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson
- Róbert Ragnarsson, RR ráðgjöf
- Jón Hrói Finnsson RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

Einar Kristján Jónsson tók þátt undir fyrsta dagskrárlið.

1. Umhverfisakademía á Húnavöllum

Lögð fram skilabréf og skýrsla starfshóps um Umhverfisakademíu. Samstarfsnefndin þakkar nefndinni fyrir vel unnin störf og samþykkir að greiða nefndarlaun í samræmi við þóknanir til starfshópa.

Ákveðið að birta skýrsluna og fundargerðir á vefsíðu verkefnisins.

2. Kynningarmál og almannatengsl

Farið yfir texta í kynningarbækling og hann uppfærður. Ráðgjöfum falið að senda bæklinginn í hönnun og umbrot.

Áætlað er að kynningarfundir fari fram 3. febrúar.

3. Hagsmunagæsla og kynning verkefnisins

Umræður um fundi með ráðherrum og þingmönnum. Farið yfir minnisblað fyrir fundi með ráðherrum og þingmönnum og skjalið uppfært.

4. Undirbúningur kosninga um sameiningu

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin. Ráðgjafar gerðu grein fyrir fundum sem þeir áttu með formönnum kjörstjórna og fulltrúa sýslumanns.

5. Næsti fundur

Næsti fundur verði 2. febrúar kl. 16

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:55.